

A 1690/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu
um starfshóp um stefnu í málefnum innflytjenda hjá Norðurlandaráði

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1690/presidiet.

Forsaga

Þingmannatillagan var lögð fram í september 2016 af flokkahópnum Norrænu frelsi. Hún var kynnt á 68. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn þann 1. nóvember 2016 og var fjallað um hana í fyrsta sinn á fundi forsætisnefndar í Keflavík þann 28. nóvember.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin tekur ekki undir það að skipa þurfi starfshóp um stefnu í málefnum innflytjenda hjá Norðurlandaráði.

Forsætisnefndin telur málaflokkinn mikilvægan, en að hægt sé að flytja tillögur á sviðinu og fjalla um þær í nefndum Norðurlandaráðs og á þingum ráðsins.

Forsætisnefndin bendir einnig á starf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði innflytjendamála. Á árinu 2016 lagði ráðherranefndin fram norræna samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda, sem Norðurlandaráð lýsti stuðningi við á 68. þingi sínu í Kaupmannahöfn 2016.

Helstu þættir samstarfsáætlunarinnar snúa að því að miðla þekkingu, bestu starfsháttum og reynslu gegnum miðlæga og samhæfða starfsemi – miðstöð upplýsingamiðlunar, sameiginlega norræna þekkingargrunna og rannsóknir, fjármögnun verkefna í löndunum og sértækt samstarf ráðherra landanna á sviði aðlögunarmála.



Ósló, 25. janúar 2017

Britt Lundberg (ÅC)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marcus Knuth (V)
Michael Tetzschner (H)
Phia Andersson (S)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)
Sonja Mandt (A)

Fyrirvari

Juho Eerola setur fyrirvara við þá ákvörðun forsætisnefndar að aðhafast ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1690/presidiet um starfshóp um stefnu í málefnum innflytjenda í Norðurlandaráði, og styður hina upphaflegu tillögu:

Norrænt frelsi leggur til

að forsætisnefnd Norðurlandaráðs komi á fót starfshópi um stefnu í málefnum innflytjenda hjá Norðurlandaráði.

Ósló, 25. janúar 2017

Juho Eerola (saf)